

## Einstaklingur í handleiðslu – hlutverk

### *Einstaklingur í handleiðslu...*

- ...sinnir öllum almennum störfum, sem falla undir starfssvið talmeinafræðings á viðkomandi starfsstöð, m.a. greiningu og meðferð á tal- og málmeinum, ráðgjöf til skjólstæðinga, aðstandenda þeirra, sérfræðinga og annarra starfsmanna á mennta- og/eða heilbrigðissviði.
- ...leggur skýrslur undir talmeinafræðing, sem fer yfir og samþykkir með undirskrift sinni.
- ...má nota einingar Sjúkratrygginga Íslands, sem eru framseldar af handleiðandi talmeinafræðingi í sjálfstæðum rekstri fyrir þjónustu við skjólstæðinga sem handleiðari, eða annar starfandi talmeinafræðingur, hefur skrifað upp á beiðni fyrir.
- ...þarf að gera grein fyrir stöðu sinni gagnvart skjólstæðingi, þ.e. tilgreina að viðkomandi er með meistarapróf í talmeinafræðum en ekki löggildur talmeinafræðingur.
- ...þarf að hafa varið meistararitgerð sína frá Háskóla Íslands eða útskrifast frá erlendum háskóla áður en hann hefur störf sem einstaklingur í handleiðslu.

Einstaklingur í handleiðslu er yfirleitt verktaki ef starfsstöð er í sjálfstæðum rekstri en launþegi starfi hann á stofnun en það er samkomulag á milli viðkomandi aðila.

*Samþykkt af stjórn FTÍ haust 2015*